

**118. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) haldinn föstudaginn
15. mars 2019 að Aðalstræti 10-12, Bolungarvík og hófst hann kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Smári Haraldsson (SH) formaður, Hulda Birna Albertsdóttir (HBA) starfandi forstöðumaður, Sigríður Gísladóttir (SG) og Þórir Sveinsson (ÞS). Gestur fundarins var Friðbjörg Matthíasdóttir.

Fundargerð ritaði: Þórir Sveinsson.

Dagskrá:

1. Persónuverndarmál.

Rætt um persónuverndarmál og lagður fram tölvupóstur frá Runólfi Vigfússyni lögfræðingi FÍN um ritun fundargerða stjórnar NAVE m.t.t. persónuverndarlaga.

2. Fundargerðir NAVE.

ÞS falið að yfirfara síðustu fundargerðir stjórnar NAVE m.t.t. persónuverndarlaga.

3. Verkefnastjóri NAVE.

Samþykkt að ráða Friðbjörgu Matthíasdóttir tímabundið í starf verkefnastjóra NAVE frá og með mánaðarmótum mars/apríl 2019.

4. Erindi frá FÍN.

Lagt fram bréf dags. 5. mars sl. frá FÍN, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, um starfsmannamál. Formanni falið að vinna áfram að málinu.

5. Stefnumótun fyrir NAVE.

Vinnuskjölum um stefnumótun NAVE og samantekt frá Þorgeiri Pálssyni, sveitarstjóra Strandabyggðar og varamanni í stjórn NAVE, vísað til verkefnastjóra NAVE til úrvinnslu.

6. Önnur mál.

- 6a. Kjarasamningar og umboð. Lagt fram tölvubréf dags. 14. mars sl. frá stjórn Náttúrustofu Suðurlands þar sem tilkynnt er að á fundi stjórnarinnar í lok febrúar sl. hafi verið fjallað um ályktun stjórnar NAVE um gerð næstu kjarasamninga við starfsfólk stofunnar. Stjórn Náttúrustofu Suðurlands treystir sé ekki til að taka afstöðu á þessu stigi málsins og mun fylgjast með þróun málsins.
- 6b. Ársreikningar 2018 og ársfundur. Ársreikningar NAVE fyrir árið 2018 eru í vinnslu og stefnt er að því að þeir verði tilbúnir fyrir lok apríl nk. Ákvörðun um tímasetningu ársfundar verður tekin síðar.
- 6c. Strandbúnaður 2019. Fulltrúar frá NAVE munu sækja ráðstefnuna sem haldin verður 21.-22. mars nk. á Grand Hótel Reykjavík.
- 6d. Styrkveitingar og umsóknir. Starfsmönnum NAVE falið að sækja um verkefnastyrki í Rannsóknarsjóð V-Barðastrandarsýslu, en umsóknarfrestur rennur út 1. maí nk.
- 6e. Stofnanasamningar. Rætt um stofnanasamninga við starfsmenn NAVE. Verkefnastjóra NAVE falið að yfirfara drög að stofnanasamningunum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30.

Smári Haraldsson (sign.).
Hulda Birna Albertsdóttir (sign.).
Sigríður Gísladóttir (sign.).
Þórir Sveinsson (sign.).